

## FLOKKSSTJÓRNARFUNDUR SAMFYLKINGARINNAR 16.3.2019

### Ályktun

Hluti þeirra sem eru á vinnumarkaði munu missa vinnuna vegna þess að störfin þeirra verða sjálfvirknivædd, þetta hefur nú þegar gerst með sjálfvirknivæðingu starfa í landvinnslu í sjávarútvegi, þetta er að gerast með tilraunum með sjálfvirknivæðingu starfa í bankþjónustu, og þetta mun gerast í mun fleiri atvinnugreinum en við gerum okkur grein fyrir.

Samfylkingin leggur áherslu á að á Íslandi verði byggt upp atvinnulíf þar sem hátæknistörf taka við af störfum sem byggja á auðlindahagkerfinu. Það er ekki einungis mikilvægt fyrir hagvöxt og lífskjör okkar, heldur ekki síst umhverfið.

Því leggur Samfylkingin áherslu á að hér verði mótuð nýsköpunastefna í nánú samhengi við bæði atvinnustefnu og menntastefnu fyrir Ísland. Þessu til grundvallar þarf að liggja ítarleg færnisþá fyrir vinnumarkaðinn til framtíðar.

Jafnframt ályktar Samfylkingin að mikilvægi símenntunar verði aukið í menntakerfi Íslands. Sá hluti vinnuafslins sem er að - og mun í nánú framtíð - missa vinnuna vegna sjálfvirknivæðingar, þarf að eiga aðra valkosti. Að sama skapi er gríðarlega mikilvægt að börnin sem nú vaxa úr grasi sjái tækifæri á Íslandi, það gerist ekki nema hér verði vettvangur áhugaverðra starfa, spennandi hálaunastarfa sem eru tengd alþjóðasamfélaginu.

Flutningsmenn:

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir